

ÍÞRÓTTASTEFNA

2025 - 2030



Borgarbyggð

Inngangur

Íþrótta- og tómstundastarf er ein af grunnstoðum hvers samfélags. Þó svo að starfsemin sé ekki lögbundin er framboð, metnaður og kraftur í íþróttastarfi eitt af því sem fólk tekur mið af þegar það ákveður búsetu.

Íþróttastarf hefur mikið forvarnargildi, það er því mikilvægt að þessi þjónusta sé til fyrirmyndar og vill Borgarbyggð skapa aðstæður þar sem fjölbreytt og kröftugt íþróttastarf getur þrífist í samstarfi við íþróttahreyfinguna í sveitarfélaginu.

Borgarbyggð vill efla þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Samhliða því að efla jákvæða samheldni íbúa, með það að markmiði að búa til hvetjandi umhverfi fyrir starf sjálfboðaliða og þar með efla innviði hreyfingarinnar.

Borgarbyggð hefur verið í miklu samstarfi við UMSB í gegnum árin, samhliða stefnumótunarvinnu er verið að endurskoða starfssamning við sambandið og uppfæra í takti við tíðaranda og þarfir nútíma.

Það var talið mikilvægt á þessum tímapunkti að fara í uppfærslu á íþróttastefnu, sem er einn póstur af Lýðheilsustefnu Borgarbyggðar.

Þar sem núverandi stefna er komin á tíma, þykir nauðsynlegt að uppfæra og fylgjast svo reglulega með framvindu íþróttamála sveitarfélagsins á gildistímanum eða til ársins 2030.

Markmið og aðgerar tillögur eru unnar samkvæmt þeim gögnum sem aflað var í upphafi þessarar vinnu.

Haldnir voru tveir opnir fundir ásamt því að grunnskólar Borgarbyggðar voru heimsóttir þar sem börn og ungmenni fengu tækifæri á því að koma sínum skoðunum og ábendingum á framfæri.

Auk þess var stefna þessi sett í samráðsgátt á vef Borgarbyggðar í 7 daga, til þess að gefa íbúum tækifæri á því að koma með ábendingar.

Almennt um íþróttir

Borgarbyggð ætlar að vera leiðandi í fjölbreyttu, faglegu og uppbyggjandi íþróttastarfi í samfélaginu og efla almenna þátttöku íbúa óháð búsetu, efnahag, kyni, aldri, fötlun eða þjóðerni.

Markmið

- Leggja áherslu á félagslegt mikilvægi íþrótta og að starfið ásamt aðgengi að þeim sé fyrir öll.
- Efla lýðheilsu og auka þátttöku allra íbúa í útivist, íþróttastarfi og almennri hreyfingu.
- Hafa skýra framtíðarsýn um uppbyggingu íþróttamannvirkja sem og útivistarsvæða.

Aðgerðir

- Efla upplýsingagjöf og kynningarstarf íþrótta í samstarfi við UMSB og aðra hagaðila.
- Efla útivistarsvæði með almenns íþróttir og hreyfingu í forgrunni.
- Huga að hreystibraut eða úti æfingatækjum fyrir almenning vorið 2026 á grænum svæðum.
- Standa árlega fyrir íþróttahátíð í samvinnu við héraðið og félögin með það að markmiði að kynna íþróttir og hvetja til þátttöku.
- Markviss uppbyggingar íþróttamannvirkja ásamt eftirliti með viðhaldi.

Ábyrgð: Fræðslunefnd

Mat: Greinargerð með rýni um stöðu mála í maí á hverju ári allt til ársins 2030, miðað er við stöðu frá 2025 til samanburðar um árangur.

Íþróttafélög /hérað

Borgarbyggð vill í samvinnu við íþróttahreyfinguna í sveitarfélaginu skapa umhverfi sem hvetur alla aldurshópa til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi.

Markmið

- Efla menntun og stuðning við leiðbeinendur, sjálfbóðaliða og þjálfara
- Leggja áherslu á að einnig sé í boði að stunda æfingar án keppni.
- Styðja við innviðauppbýggingu hjá íþróttafélögum með það að markmiði að létta á sjálfbóðaliðum og efla starfið.
- Auka fjölbreytileika í hreyfingu ásamt því að fjölga iðkendum sér í lagi börnum.

Aðgerðir

- Aukið samstarf við íþróttahreyfinguna með virku samtali um þarfir hverju sinni.
- Hvetja til aukins framboðs á æfingum þar sem ekki er lagt upp með keppni í samstarfi við íþróttahreyfinguna.
- Aðstoða við grunnrekstur íþróttahreyfingarinnar.
- Endurskoða tómstundaakstur til og frá æfingum í samræmi við þarfir notenda.
- Vinna markvisst að því að íþróttastarf barna á grunnskóla aldri sé fjölbreytt með kynningu á sem flestum greinum sé því við komið.
- Við endurnýjun samninga við íþróttahérað séu markmið þessarar stefnu höfð að leiðarljósi.

Ábyrgð : Fræðslunefnd

Mat: Árlega greinargerð frá UMSB um fjölda þjálfara og menntun þeirra ásamt fjölda greina.

Gögn og greining frá UMSB um fjölda iðkenda og aldursdreifingu tvisvar á ári, haust- og vorönn.

Afreksstarf

Borgarbyggð vill í samvinnu við íþróttahreyfinguna í sveitarfélaginu stuðla að bættri aðstöðu og umgjörð fyrir afreksfólk.

Markmið

- Skapa umgjörð um afreksstarf og jákvæðar fyrirmyndir heima í héraði.
- Efla samstarf við menntaskóla Borgarfjarðar og grunnskóla ef við á.
- Styðja við afreksstarf íþróttafélaga.

Aðgerðir

- Móta farveg fyrir stuðning við afreksfólk eins og verklagsreglur
- Hvetja til og styðja við öflugt fræðslustarf fyrir ungt fólk í samstarfi við MB.
- Umbuna með styrkjum þá sem skara fram úr í sínum greinum.
- Styðja við íþróttafélög við að móta aðlaðandi umgjörð fyrir afreksfólk með áherslu á heimabyggð.
- Fá afreksfólk úr héraði til þess að taka þátt í hvattingu til barna með kynningu á íþrótt sinni.

Ábyrgð : Fræðslunefnd

Mat : Kallað eftir árlegri greinargerð frá íþróttahreyfingunni um stöðu í afreksmálum.
Fá fræðsluáætlun vetrar frá MB fyrir íþróttaiðkendur.



Markmið og framtíðarsýn

Framtíðarsýn

- Sveitarfélagið Borgarbyggð styður við fjölbreytt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa og hvetur íbúa til virkni.
- Jafnrétti og aðgengi eru tryggð óháð efnahag, kyni, aldri, uppruna eða fötlun.
- Íþróttaiðkun er samþætt við lýðheilsu, forvarnir og skólastarf.
- Markviss uppbygging á íþróttamannvirkjum í takti við þarfagreiningu
- Afreksíþróttir og almenningsíþróttir þróast hlið við hlið með jafnvægi í stuðningi.

Helstu markmið

1. Auka þátttöku í íþróttum og hreyfingu

- Hvetja fleiri til þátttöku með markvissum aðgerðum.
- Tryggja að börn og ungmenni hafi greiðan aðgang að íþróttastarfi.
- Styðja við ævilanga hreyfingu fyrir alla aldurshópa.

2. Jöfn tækifæri og aðgengi

- Fjárhagsstaða, uppruni, kyn, fötlun eða búseta megji ekki hindra þátttöku.
- Aðstaða fyrir alla að mannvirkjum og þjónustu.

3. Betri aðstaða og uppbygging innviða

- Viðhalda núverandi íþróttamannvirkjum og byggja upp í takti við þarfagreiningu.
- Auka fjölbreytni í aðstöðu fyrir útivist, hópíþróttir og einstaklingsíþróttir.

4. Stuðningur við íþróttafélög og sjálfboðaliða

- Fjárhagslegur og faglegur stuðningur við íþróttafélög/-hérað.
- Þróa sjálfboðaliðastarf og efla menntun þjálfara í samstarfi við íþróttafélög/-hérað.

5. Aðlögun að nýjum áskorunum

- Skilgreina hlutverk íþróttahreyfingarinnar í tengslum við heilsueflingu.
- Styðja við afreksíþróttafólk í sínu nærumhverfi.
- Taka mið af umhverfis- og sjálfbærnimálum í íþróttastarfi.

Aðgerðir

1. Fjármögnun og stuðningur við íþróttastarf

Aðgerðir:

- Endurskoða fjárhagsstuðning við íþróttafélög.
 - Skapa aðstæður fyrir starfsmann miðlægrar skrifstofu sem m.a. myndi sjá um rekstrarhluta íþróttafélaga og fer jafnframt með skýrt eftirlitshlutverk með nýtingu fjármuna frá sveitarfélaginu.
- Styðja við fræðslupátt þjálfara, iðkenda og sjálfboðaliða í samstarfi við íþróttahreyfinguna og Mennaskóla Borgarbyggðar.
 - Fá MB í lið með kennslu og fræðslu í næringu, svefni og hreyfingu.
 - Fá MB til þess að setja upp áfanga í kennslu um sjálfboðaliðastörf.
- Styðja við miðlæga skrifstofu íþróttamála
 - Hvetja til að starfsmenn íþróttamála séu á einum stað eins og við verður komist í samstarfi og virku samtali þvert á greinar og félög.
 - Efla samvinnu og samstarf og ná þannig mögulega fram betri nýtingu fjármuna.

2. Uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja

Aðgerðir:

- Kortleggja núverandi aðstöðu (þarfagreining) og forgangsraða viðhaldi og nýframkvæmdum í samræmi við stöðuna.
 - Vera í virku samtali við íþróttahreyfinguna og íbúa um þarfir og væntingar.
- Auka aðgengi að opinberum íþróttasvæðum (s.s. gervigrasvelli, sundlaugum, o.s.frv.).
 - Skoða opnun á sundlaugum á hverjum stað.
- Styrkja útivistarsvæði víðs vegar um sveitarfélagið, m.a. með útitækjum til alhliða hreyfingar og leikja.
- - Skoða með hreystibraut eða önnur útitæki sem auðveld eru í viðhaldi og notkun.
- Tryggja umhverfisvænar lausnir í rekstri og nýbyggingum.
 - Ilmefnalausir búningsklefar og almenn rými.
 - Nota ilmefnalaus hreinsiefni.
 - Passa að innivist sé góð hvað varðar loftgæði og hljóð sérstaklega.

Aðgerðir

3. Þátttaka

Aðgerðir:

- Auka upplýsingagjöf til allra íbúa um hvað er í boði og hvenær,
 - Nota miðla Borgarbyggðar til þess að koma á framfæri
 - Samstarf og samvinna við UMSB um kynningarmál varðandi það sem er í boði.
- Kynna hreyfingu sem hluta af daglegu lífi í samstarfi við skóla.
 - Styðja við kynningu á fjölbreyttri hreyfingu innan skóla.
- Efla og fjölga menntuðum þjálfurum í samstarfi við UMSB.

4. Jöfn tækifæri og aðgengi

Aðgerðir:

- Styðja við lausnir fyrir fatlaða, eldri borgara og aðra jaðarsetta hópa til íþróttar.
 - Með auknum stuðningi inni á æfingum, t.d. skoða að fá menntaskólanemendur í aðstoð inn á æfingar sem hluta af námi.
 - Auka kynningu á framboði
- Skapa ódýrari og fjölbreyttar leiðir til þátttöku í íþróttum með áherslu á yngstu grunnskólabörnin .
 - Skapa aðstæður í skólum /frístund þar sem yngri börn fá að kynnst fjölbreyttri hreyfingu og geta valið út frá þeirra áhuga seinna meir.
- Endurskoða akstur og leiðir til þess að einfalda samgöngur til og frá æfingum.
 - Skoða með kaup/leigu á bílum og styðja við starfsmenn íþróttafélaga í akstri.

Aðgerðir

5. Styrking íþróttafélaga og sjálfboðaliðastarfs

Aðgerðir:

- Efla menntun og stuðning við þjálfara og sjálfboðaliða í samstarfi við UMSB
 - Með samningi við UMSB þar sem kveðið er á um menntun þjálfara og leiðir til þess að uppfylla.
- Bæta stjórnunarfyrrkomulag íþróttafélaga með faglegri ráðgjöf.
 - Veita íþróttahreyfingunni aðgang að fagaðilum sveitarfélagsins til eflingar og ráðgjafar í samstarfi við UMSB t.d. sálfræðilega, fjárhagslega, skipulagslega, og mannauðslega ráðgjöf.
 - Styrkja innviði með fjárhagsstuðningi og skrifstofuaðstöðu fyrir alla hreyfinguna eins og kostur er.
- Tryggja góð samskipti milli sveitarfélags og íþróttahreyfingarinnar.
 - Með skýrum þjónustusamningi við UMSB um þá þjónustu sem sveitarfélagið óskar eftir af íþróttahreyfingunni og því sem UMSB fær á móti, bæði fjárhagslega og aðstöðulega.

Innleiðing og eftirfylgni

Ábyrgð og mat á framgangi stefnupáttanna.

- Fræðslunefnd Borgarbyggðar ber ábyrgð á að greina árangur stefnupáttanna.
- Fræðslunefnd fær/tekur saman upplýsingar árlega til þess að meta stöðu og grípa til ráðstafana ef þess þarf.
- Árleg skýrsla um stöðu, árangur og fjölda iðkenda frá íþróttahreyfingunni þarf að skila inn til fræðslunefndar í maí ár hvert.
- Samstarf við íþróttahérað með skýrum samningi við UMSB. UMSB sér um öll samskipti við sveitarfélagið af hálfu íþróttanna og er í virku samtali við sveitarfélagið í gegnum íþróttar- og tómstundarfulltrúa.

